

Skíðasamband Íslands
Skíðaðing 18. og 19. nóvember 2022



Haldið að Borgartúni 35
Reykjavík

Efnisyfirlit

1.	Þingsetning	3
2.	Kosning þingforseta	3
3.	Kosning þingritara	3
4.	Kosning í kjörbréfanefnd og kjörnefnd	3
5.	Heiðursviðurkenningar SKÍ	3
6.	Ávörp gesta	3
7.	Skýrsla stjórnar og nefnda	3
8.	Ársreikningur SKÍ	4
9.	Álit kjörbréfanefndar	4
10.	Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga	4
11.	Afgreiðsla reikninga	4
12.	Fjárhagsáætlun lögð fram	4
13.	Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda	4
14.	Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar	5
	Kynning á Tvíþraut (skíðaskotfimi)	6
15.	Tillögur og ályktanir afgreiddar	6
1)	Þingskjal 1. Fjárhagsáætlun 2023	6
2)	Þingskjal 2 - Gjaldskrá SKÍ 2022-2024	7
3)	Þingskjal 3 - Lagabreytingar	8
4)	Þingskjal 4. - Ályktun um tvíþraut	8
5)	Þingskjal 5 - Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum	8
6)	Þingskjal 6 - Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur	9
7)	Þingskjal 7 - Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur	9
8)	Þingskjal 8 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu - útreikningar á bikarstigum	9
9)	Þingskjal 9 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum - Útreikningur á bikarstigum	9
10)	Þingskjal 10 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ í öllum greinum - Útreikningur á bikarstigum	9
11)	Þingskjal 11 - Ályktun um skíða- og snjóbreittaþróttir fatlaðra	9
12)	Þingskjal 12 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um heiðursmerki SKÍ	9
13)	Þingskjal 13 - Reglugerð um Íslandsgöngur	10
16.	Kosningar	12
17.	Kosning fulltrúa á næsta reglulega þing í Sí	12
18.	Önnur mál	12
19.	Þingslit	13

Föstudagur 18. nóvember 2021

1. Þingsetning

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ, tekur til orðs og setur þingið og bauð gesti og þingfulltrúa velkomin.

2. Kosning þingforseta

Formaður lagði til eftirtalda sem þingforseta og þingritara

Þingforseti: *Brynja Þorsteinsdóttir* og *Jón Viðar Þorvaldsson* sem annar þingforseti.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

Þingforseti, *Brynja Þorsteinsdóttir*, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

3. Kosning þingritara

Þingritari: *Hugrún Elvarsdóttir* og *Jónas Egilsson* sem annar þingritari.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

4. Kosning í kjörbréfanefnd og kjörnefnd

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru þau *Hallgrímur Davíð Björnsson*, formaður, *Katrín Einarsdóttir* og *Þórður Georg Hjörleifsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti kallar eftir kjörbréfum sem á að skila til ritara þingsins eða formann kjörbréfanefndar.

Kjörnefnd vegna kosninga á þingi 2023, skv. 3. ml. 5. gr. laga SKÍ, var kosin á þingi í fyrra og starfar áfram fram að næsta þingi.

5. Heiðursviðurkenningar SKÍ

Formaður veitti eftirtöldum gullmerki SKÍ fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar:

- *Einar Bjarnason*
- *Guðrún Harðardóttir*
- *Kristinn Kristinsson*
- *Auðunn Kristinsson*
- *Sigrún Inga Kristinsdóttir*
- *Helmut Majer*
- *Viggó Jónsson*

6. Ávörp gesta

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, bar góðar kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ. Þakkar gott samstarf, ræðir starfsemi ÍSÍ og fleiri mál.

7. Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Bjarni Th. Bjarnason*, fór yfir skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt á heimasíðunni.

8. Ársreikningur SKÍ

Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri lagði fram ársreikninga 2021. Allir þingfulltrúar hafa reikninginn fyrir framan sig til hliðsjónar. Fyrir þingið liggur einn reikningar til samþykktar, 2020.

9. Álit kjörbréfanefndar

Davíð Björnsson, formaður kjörbréfanefndar, kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Alls eru 23 þingfulltrúar mættir frá 12 félögum sem fara með 34 atkvæði á þinginu. Til að fá samþykki fyrir 2/3 hluta atkvæðagreiðslu (sem þarf fyrir lagabreytingar) þarf því 23 atkvæði og en skipting við hreinan meirihluta atkvæða við 18 atkvæði.

10. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga

Andri Stefánsson kemur með ábendingu um framsetningu ársreikninga og skýrslu stjórnar. Hafa það aðgengilegt öllum á vefsíðu Skíðasambandsins.

Einar Ólafsson formaður Skíðagöngunefndar sambandsins kynnti vinnu við innleiðingu íþróttarinnar hér á landi.

Hugrún Hjálmarsdóttir leggur fram fyrirspurn um af hverju tekjurnar eru að dragast saman í fjárhagsáætlun 2023.

Andri Stefánsson tekur aftur til máls og segir ástæðuna m.a. vera að Ólympíustyrkir séu minni fyrir 2023.

Jónas Egilsson kemur inn á að tekjur og gjöld séu háð mörgum þáttum, t.d. genginu og úthlutuðum FIS styrkjum.

11. Afgreiðsla reikninga

Þingforseti bar ársreikning sambandsins 2021 undir atkvæði og eru þeir samþykktir með meirihluta greiddra atkvæða.

12. Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 var kynnt af Jónasi Egilssyni framkvæmdastjóra SKÍ, en allir þingfulltrúar höfðu hana fyrir framan sig.

13. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun 2023. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 2 – Gjaldskrá SKÍ. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 3 – Tillaga til breytinga á lögum SKÍ, 2 og 5. gr. Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 4 – Ályktun um tvíþraut. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum Vísað til alpagreinaneftndar

Þingskjal nr. 6 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur, 7. gr. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 7 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 8 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 9 – Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum. Vísað til snjóbrettaneftndar.

Þingskjal nr. 10 – Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í öllum greinum. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 11 – Ályktun um skíðaíþróttir fatlaðra. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 12 – Tillaga að reglum um heiðranir. Vísað allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 13 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur. Vísað til skíðagöngunefndar.

14. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar

Á þinginu verða fjórar nefndir: alpagreinanefnd, skíðagöngunefnd, snjóbrettanefnd og allsherjarnefnd.

Tillaga stjórnar um formenn, en þingfulltrúar taka sæti í nefndum eftir áhuga á þingi.

- Alpagreinanefnd – Sigurður Sveinn Nikulásson
- Skíðagöngunefnd – Einar Ólafsson
- Snjóbrettanefnd – Friðbjörn Benediktsson
- Allsherjarnefnd – Jón Egill Sveinsson

Þingfundi frestað til morguns.

Laugardagur 19. nóvember

Kynning á Tvíbraut (skíðaskotfimi)

Til máls tók *Ingólfur Hannesson* sem hefur starfað að verkefninu á vegum IBU og kynnti þróun greinarinnar undangengna tvo áratugi.

Umræður og fyrirspurnir.

15. Tillögur og ályktanir afgreiddar

1) Þingskjal 1. Fjárhagsáætlun 2023

Tekjur	Áætlun	
	2022	2023
Lottó	12.000.000 kr.	13.000.000 kr.
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Afrekssjóður ÍSÍ	40.000.000 kr.	40.500.000 kr.
Aðrir styrkir frá ÍSÍ	2.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Ríkisstyrkur	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
FIS styrkur	22.000.000 kr.	23.000.000 kr.
Ólympíusamhjálpin	5.000.000 kr.	2.500.000 kr.
Aðrir styrkir og framlög	5.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Keppnisleyfi FIS	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.
Mótsgjöld	6.000.000 kr.	6.000.000 kr.
Eftirlitsmannagjöld	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.
Félagsgjöld	5.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Námskeiðsgjöld	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.
Framlög keppnisfólks	8.000.000 kr.	15.000.000 kr.
Samtals	114.500.000 kr.	122.500.000 kr.
Gjöld	Áætlun	
	2022	2023
<u>Rekstur skrifstofu og yfirstjórnar</u>		
Laun og launtengd gjöld	21.000.000 kr.	22.000.000 kr.
Ferða- og fundakostnaður	3.500.000 kr.	3.500.000 kr.
Gjaldfærð áhöld	500.000 kr.	500.000 kr.
Símakostnaður	500.000 kr.	500.000 kr.
Tölvu og heimasíðukostnaður	600.000 kr.	600.000 kr.
Ritföng, prentun og burðargjöld	120.000 kr.	30.000 kr.
Aðkeypt þjónusta	950.000 kr.	1.000.000 kr.

Annar rekstur skrifstofu	600.000 kr.	600.000 kr.
Afskrifaðar kröfur	500.000 kr.	500.000 kr.
	28.270.000 kr.	29.230.000 kr.
Íþróttastarf	2022	2023
Alpagreinanevnd	kr.	? kr.
Skíðagöngunefnd	kr.	? kr.
Snjóbrettanefnd	kr.	? kr.
	72.230.000 kr.	76.230.000 kr.
Mótakostnaður	11.000.000 kr.	12.000.000 kr.
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	4.000.000 kr.	4.000.000 kr.
Samtals	115.500.000 kr.	121.460.000 kr.
Hagnaður (tap) ársins án fjármagnsliða	-1.000.000 kr.	1.040.000 kr.
Vaxtatekjur	0 kr.	0 kr.
Vaxtagjöld	0 kr.	0 kr.
Samtals	0 kr.	0 kr.
Hagnaður (tap) ársins	-1.000.000 kr.	1.040.000 kr.

Samþykkt samhljóða.

2) Þingskjal 2 - Gjaldskrá SKÍ 2022-2024

- Gjald fyrir keppnisleyfi FIS **kr. 6.500** skv. ákvörðun FIS
 - Mótagjöld renn
 - a óskipt til mótshaldara:
 - Bikarmót SKÍ, ENL mót **kr. 3.000** pr. grein
 - Unglingameistaramót **kr. 3.500** pr. grein
 - FIS mót, SMÍ, SBÍ og SB mót* **kr. 5.000** pr. grein
- *SB mót: bikar- og alþjóðlegmót á snjóbrettum

Félagsgjald SKÍ

4.000 kr. pr. iðkanda pr. félag

Rukkað í tveimur greiðslum: **15. október og 15. desember**

Farið er eftir starfsskýrslum úr Felix. Starfsskýrslum er skilað inn á vorin fyrir almanaksárið á undan.

Dæmi: Starfsskýrslu vorið 2021 er skilað inn. Iðkendatalan er því almanaksárið 2020. Rukkun í lok árs 2021 er því fyrir iðkendur 2020.

Það er á ábyrgð aðildarfélaga að tryggja að réttar iðkanda upplýsingar séu skráðar í Sportabler

Gjöld vegna eftirlitsmanna og dómara:

Dagpeningar eftirlitsmanna og dómara	10.000 kr. per dag	Greiðist af mótshaldara
Dagpeningar eftirlitsmanna FIS	Skv. gjaldskrá FIS	Greiðist af mótshaldara
Gisting og fæði eftirlitsmanna og dómara	Bókast af mótshaldara	Greiðist af mótshaldara
Ferðalag eftirlitsmanna og dómara	Bókast af SKÍ	Greiðist af SKÍ

*SKÍ greiðir kostnað vegna dómara á snjóbrettamótum.

Samþykkt samhljóða.

3) Þingskjal 3 – Lagabreytingar

Tillaga um að fella niður lið 2.b. í 2. gr. laga SKÍ, þ.e. hlutverk SKÍ væri að löggilda skíðadómara.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga um að orðalagsbreytingu á lið 2.b5.

Orðið „skíðamótum“ breytist í „mótum.“

Samþykkt samhljóða.

Nýr 1. mál. 5. gr. hljóðist svo:

Skíðaðing skal halda að hausti ár hvert, en þó aldrei síðar en 30. nóvember.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Breytingar við 13. gr. 3. og 4. mgr. sem hljóðist svo:

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með skv. gildandi lögum og reglugerðum ÍSÍ og Lyfjaeftirlits Íslands. Lyfjaeftirlit er í höndum Lyfjaeftirlits Íslands.

Samþykkt samhljóða.

4) Þingskjal 4. - Ályktun um tvíþraut

Svohljóðandi ályktun var lögð fram:

Skíðaðing haldið í Reykjavík, 18. og 19. nóvember 2022 samþykkir að fela stjórn sambandsins að vinna áfram að innleiðingu tvíþrautar á Íslandi í samvinnu við Alþjóða tvíþrautarsambandið (IBU).

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 3.

5) Þingskjal 5 – Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður alpagreinaefndar fór yfir breytingu á upphaflegu þingskjali.

5. grein reglugerðarinnar hljóðist svo:

Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu iðkenda hvers félags eða héraðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki, eftir hvert mót. Hvert félag eða hérað safnar stigum undir skráðu nafni. Veita skal stigahæsta félaginu eða héraðinu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- 12-15 ára (bæði kyn saman).
- 16 ára og eldri (bæði kyn saman).

Samþykkt með hreinum meirihluta.

6) Þingskjal 6 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur

Tillaga um að fella 7. gr. reglugerðarinnar niður.

Samþykkt með hreinum meirihluta.

7) Þingskjal 7 - Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur

Einar Ólafsson tók til máls og lagði til að tillagan yrði felld.

Tillagan felld með hreinum meirihluta.

8) Þingskjal 8 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu – útreikningar á bikarstigum

Svohljóðandi breytt 5. gr. reglugerðar um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu var lögð fram til afgreiðslu:

Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- 13-16 ára (bæði kyn saman).
- 17 ára og eldri (bæði kyn saman).

Samþykkt með hreinum meirihluta.

9) Þingskjal 9 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ á snjóþrettum - Útreikningur á bikarstigum

Svohljóðandi breytt 5. gr. reglugerðar um bikarkeppni SKÍ á snjóþrettum var lögð fram til afgreiðslu:

Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- U13 og eldri (bæði kyn saman)

Samþykkt með hreinum meirihluta.

10) Þingskjal 10 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ í öllum greinum - Útreikningur á bikarstigum

Svohljóðandi texti bætist við undir stigatöflu:

Verði keppendur jafnir í stöku móti skulu þeir fá jafnmörg stig sem samsvara herra/hæsta sæti þeirra.

Samþykkt með hreinum meirihluta.

11) Þingskjal 11 - Ályktun um skíða- og snjóþrettaiþróttir fatlaðra

Svohljóðandi ályktun var lögð fram:

Skíðaþing haldið í Reykjavík, 18. og 19. nóvember 2022 samþykkir að fela stjórn sambandsins að vinna áfram að því að fella íþróttir fatlaða, sem falla undir SKÍ, að starfsemi sambandsins.

Samþykkt með hreinum meirihluta.

12) Þingskjal 12 - Tillaga að breytingum á reglugerðum um heiðursmerki SKÍ

Svohljóðandi tillaga að reglugerð um heiðursmerki SKÍ var lögð fram:

Heiðursmerki SKÍ eru 3 talsins.

1. Silfurmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr silfri og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíða- og snjóþrettaiþróttarinnar hjá SKÍ og aðildarfélögum þess í áratug eða lengur. Þó getur stjórn SKÍ

sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að áratugar starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðsþjálfari.

2. Gullmerki SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ úr gulli og má veita þeim sem hafa starfað að málefnum skíða- og snjóþettaíþróttarinnar hjá SKÍ- og aðildarfélögum þess til langs tíma og gegnt þýðingarmiklum störfum.

3. Heiðursstjarna SKÍ

Merki þetta er merki SKÍ á stjörnu í litum sambandsins með borða í íslensku fánalitunum. Heiðursstjarna SKÍ er æðsta viðurkenning SKÍ og veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim einstaklingum sem unnið hafa skíða- og snjóþettaíþróttinni ómetanlegt gagn um árabíl. Heiðursstjörnu skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjál.

Stjórn SKÍ tekur við tillögum að heiðursviðurkenningum frá aðildarfélögum SKÍ.

SKÍ skal halda skrá um handhafa heiðursmerkja á heimasíðu SKÍ.

Samþykkt með hreinum meirihluta.

13) Þingskjál 13 – Reglugerð um Íslandsgöngur

Einar Ólafsson formaður Skíðagöngunefndar þingsins tók til máls og gerði grein fyrir breytingar frá upphaflegu skjali:

- Breyting á 6. gr. þarf að skrá lið fyrir 5 janúar.
- Sigurlið fær farandbikar.
- 4. gr verður 8. gr.
- 7. gr. felld út – hefðbundin ganga og því óþarfi að hafa þessa grein.

Svohljóðandi tillaga að nýrri reglugerð um Íslandsgöngur var í kjölfarið lögð fram:

Reglugerð um Íslandsgöngur

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sjö sjálfstæðum almenningsgöngum í hefðbundinni skíðagöngu á sama vetri.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

Sæti	Stig
1	50
2	40
3	33
4	25
5	20
6	15
7	10
8	6
9	4
10	2

4. Samanlögð stig úr mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.
5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum hjá körlum og konum.

	2021/2022*	2022/2023	2023/2024
17-34 ára	1988-2005	1989-2006	1990-2007
35-49 ára	1973-1987	1974-1988	1975-1989
50-59 ára	1963-1972	1964-1973	1965-1974
60-69 ára	1962	1963	1964
70 ára og eldri			

*Aldur miðast við almanaksárið 2022

Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri grein.

6. Samhliða Íslandsgöngunni er keppt í liðakeppni. Skrá þarf lið til leiks í Íslandsgöngunni á þar til gerðu skráningarblaði til Skíðasambands Íslands, eigi síðar en 5.janúar ár hvert. Hvert lið samanstendur af fjórum til sex keppendum. Hvert lið þarf að hafa að lágmarki tvo af hvoru kyni í sínu liði. Skráningargjald fyrir lið er greitt samkvæmt gjaldskrá SKÍ.

Stigagjöf liðakeppni Íslandsgöngunnar miðast við heildarúrslit 17 ára og eldri, konur/karlar.

Sæti	stig	Sæti	stig	Sæti	stig
1	200	13	60	25	20
2	180	14	55	26	18
3	160	15	50	27	16
4	140	16	45	28	14
5	120	17	40	29	12
6	100	18	35	30	10
7	90	19	32	31	9
8	85	20	30	32	8
9	80	21	28	33	7
10	75	22	26	34	6
11	70	23	24	35	5
12	65	24	22		

7. Verðlaun skulu veitt stigahæsta liði Íslandsgöngunnar í verðlaunahófi síðustu göngu mótaraðarinnar. Einnig er sigurliðinu afhentur farandbikar til varðveislu í eitt ár auk minni eignarbikars.

8. Stefnt skal að því að móttin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. júní. Skíðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
9. Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts skal tilnefna einn fulltrúa í samráðsnefnd Íslandsgöngunnar á hverju vori.
10. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.
11. Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og radíus í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
12. Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

Samþykkt hreinum meirihluta.

16. Kosningar

Ekki er kosið til stjórnar og nefnda á þessu þingi, en kjörtímabil stjórnar er tvö ár, 2021-2023.

17. Kosning fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ

Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt með hreinum meirihluta.

18. Önnur mál

Selma Árnadóttir, formaður skíðadeildar Ármanns. Fagnar því að það var farið að stað með hæfileikamótum, en á sama skapi langar þeim að fá fleiri upplýsingar fyrir foreldra, aðstandendur að leita til þeirra, hver er staðan, hvað á að gera, á að æfa, upplýsingagjöfin gæti verið markvissari og betri.

Dagbjartur Halldórsson, afreksstjóri: meðtekið.

Eðvald Garðarsson Skíðafélagi Fjarðarbyggðar. Ábending frá foreldrum barna sem fóru til Noregs í haust, voru ekki sátt með upplýsingagjöf fyrir þá ferð, vilja fá upplýsingar fyrr. Annað sem hann langar að nefna, þau koma til með að halda skíðalandsmót Íslands í vor, óskar eftir því að sjá sem flesta fyrir austan, þau gera allt í sínu valdi að halda sem best mót. Væntanlega þurfa þau að fá aðstoð þegar kemur að tækjum og tólum fyrir fullorðins flokka, og hann reiknar með að það verði gott samstarf þar á milli, og vonast til að fá sem flesta austur.

Friðbjörn, formaður snjóþrettanefndar. Tekur upp hanskann fyrir Dagbjarti varðandi skipulag ferðarinnar til Noregs, planið var að fara til Austurríkis en útlit fyrir snjó var ekki gott og ákvörðunartakan dróst því lengi þar sem sumarið leit ekki vel út framan af, sem sagt breytt með stuttum fyrirvara vegna snjóleysis í Evrópu (Austurríki). En auðvitað má upplýsingaflæði vera betra og tekur undir það.

Kristján, formaður skíðafélags Ólafsfjarðar. Hvetja hreyfinguna að vera betri á samfélagsmiðlim. Fjarðagangan, hvetur alla að koma þangað 10. og 11. febrúar. Eru alltaf að reyna að bæta umgjörðina kringum mótið. Eru komin með bland um beina útsending af móttinu, eru alltaf að reyna að gera hlutina stærri og stærri, hlakka til að sjá sem flesta. Langar líka að þakka Jón Viðari fyrir frábært samstarf og kynni fyrir hönd félagsins.

Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar. Daginn eftir fjarðagönguna er hann með skíðaskotfimi. Allir velkomnir í skíðaskotfimi eftir almenningsgöngu. Vill einnig þakka Jóni fyrir vel unnin störf.

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ Leggur til að Sigurður taki til máls varðandi tímasetningar.

Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður alpagreinanefndar svaraði framkomnum fyrirspurnum.

Varðandi upplýsingargjöf að þá lagði Sigurður mikið upp úr því að fá skráningar snemma í júní, og þá stendur það á foreldrum, og svo lokar skráning, fólk verður að skrá sig fyrr líka.

Brynja H. Þorsteinsdóttir þingforseti þakkar fyrir sig og gott þing og gefur orðið til Bjarna, formann SKÍ.

19. Þingslit

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ þakkar fyrir gott þing og segist hlakka til að vinna með skíðahreyfingunni á næstu misserum.

Bjarni þakkar Jóni Viðari Þorvaldssyni fyrir vel unnin störf í þágu skíðahreyfingarinnar og heiðrar hann með silfurmerki á Skíðaþingi 2022.

Jón Viðar Þorvaldsson ávarpar þingið og þakkar fyrir sig.

Að því loknu sleit formaður Skíðaþingi 2022.